

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2002/EES/47/27

frá 22. janúar 2001

um breytingu á ákvörðun 2000/532/EB sem kemur í stað ákvörðunar 94/3/EB um skrá yfir úrgang samkvæmt a-lið 1. gr. tilskipunar ráðsins 75/442/EBE um úrgang og ákvörðunar ráðsins 94/904/EB um skrá yfir hættulegan úrgang samkvæmt 4. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 91/689/EBE um hættulegan úrgang(*)

(tilkynnt með númeri C(2001) 106)

(2001/119/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/689/EBE frá 12. desember 1991 um hættulegan úrgang⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 94/31/EB⁽²⁾, einkum 4. mgr. 1. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Skrá yfir hættulegan úrgang var tekin saman í ákvörðun ráðsins 94/904/EB⁽³⁾ en í stað þessarar ákvörðunar er komin ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB⁽⁴⁾.
- 2) Ýmis aðildarríki hafa tilkynnt að þau telji úr sér gengin ökutæki, sem hættulegum vökvum hefur ekki verið tappað af eða hættulegir íhlutir fjarlægðir úr, vera úrgang sem hafi einn eða fleiri af eiginleikumum í III. viðauka við tilskipun 91/689/EBE og hafa farið fram á að þau verði skráð sem hættulegur úrgangur í skránni sem tekin er saman samkvæmt 4. mgr. 1. gr. tilskipunar 91/689/EBE.
- 3) Í 4. mgr. 1. gr. tilskipunar 91/689/EBE er þess krafist að framkvæmdastjórnin rannsaki þessar tilkynningar aðildarríkjanna með það fyrir augum að breyta skránni yfir hættulegan úrgang.
- 4) Við þetta verk nýtur framkvæmdastjórnin aðstoðar nefndarinnar sem stofnuð var samkvæmt 18. gr. tilskipunar 75/442/EBE um úrgang⁽⁵⁾.
- 5) Ráðstafanirnar, sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun, eru ekki í samræmi við álit áðurgreindrar nefndar og því var ekki unnt að fella þær inn í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB.

6) Ráðið tók ekki ákvörðun um tillögu framkvæmdastjórnarinnar innan þess frests sem veittur var í 18. gr. tilskipunar 75/442/EBE.

7) Þar af leiðandi kemur það í hlut framkvæmdastjórnarinnar að samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á viðaukanum við ákvörðun 2000/532/EB frá 3. maí 2000 sem kemur í stað ákvörðunar 94/3/EB um skrá yfir úrgang samkvæmt a-lið 1. gr. tilskipunar ráðsins 75/442/EBE um úrgang og ákvörðunar ráðsins 94/904/EB um skrá yfir hættulegan úrgang samkvæmt 4. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 91/689/EBE um hættulegan úrgang:

Í stað færslunnar „16 01 04 aflögð ökutæki“ komi:

„16 01 04* úr sér gengin ökutæki“.

2. gr.

Tilskipun þessi kemur til framkvæmda 1. janúar 2002.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. janúar 2001.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Margot WALLSTRÖM

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 47, 16.2.2001, bls. 32, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2002 frá 1. febrúar 2002 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 18, 4.4.2002, bls. 12.

(¹) Stjtið. EB L 377, 31.12.1991, bls. 20.

(²) Stjtið. EB L 168, 2.7.1994, bls. 48.

(³) Stjtið. EB L 356, 31.12.1994, bls. 14.

(⁴) Stjtið. EB L 226, 6.9.2000, bls. 3.

(⁵) Stjtið. EB L 194, 25.7.1975, bls. 39.